



Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps
mánudaginn 17. október 2011, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson formaður, Herdís Erna Matthíasdóttir. Einnig sat fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður setti fundinn, bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1110002 – Reykhólar 139639, skipting lands.

Erindi frá Sjávarútvegs og Landbúnaðarráðuneytinu dagsett 5. september 2011 vegna fyrirhugaðra landskipta á 4 spildum, þ.e. Ástún, Seljanes, Garðshorn og Sæmundartún.

Nefndin samþykkir landskiptin með fyrirvara að fengnu áliti lögfræðings.

2. 1105005 - Stígagerð í Flatey.

Erindi frá Framfarafélaginu dagsett 7. september 2011.

Nefndin leggur til að tillagan verði kynnt ábúendum og sumarhúsafólki og verði sett inn á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem óskað er eftir ábendingum.

3. 1110006 - Breyting á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 og deiliskipulag fyrir Vestfjarðarveg.

Nefndin gerir ekki athugasemd við framlögð gögn fyrir sitt leyti.

Mál til kynningar:

4. 1102006- Breyting á aðalskipulagi Reykólahrepps 2006 – 2018 vegna Vestfjarðarvegar.

Tvö bréf send Skipulagsstofnun 3. og 4. október 2011.

5. 1106004 – Umhverfismat tillögu samgönguráðs að samgönguáætlun 2011-2022

Auglýsing frá Innanríkisráðuneyti 23. desember 2011.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

6. Tillögur af lóðum.

Skipulags og byggingafulltrúi lagði fram til kynningar tillögur að lóðum fyrir Álftaland og fjárhúsum á Kötlulandi. Nefndin leggur til að byggingafulltrúi vinni áfram að tillögunum.

7. Lóðaúthlutun í Flatey.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að undirbúningur verði hafin að lóðarúthlutun nýrra lóða samkvæmt deiliskipulagstillögunni við Tröllenda í Flatey.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12:00
